



Endurskoðuð EKKO stefna Reykjavíkurborgar

Júní 2024





Stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum

- Núgildandi stefna borgarinnar í málaflokknum: Fyrst samþykkt árið 2016.
- Uppfærsla 2019: *Stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.* (8 bls.)
- Núgildandi stefnu fylgir eitt skjal (6 bls.) sem ber heitið *Verkferlar og leiðir til úrlausna í eineltis- og áreitnimálum hjá Reykjavíkurborg.*
- Tilgangur EKKO stefnunnar er að tryggja að starfsumhverfið sé til þess fallið að vernda andlegt og líkamlegt öryggi starfsfólks með virku forvarnarstarfi og markvissum viðbrögðum við einelti, áreitni og ofbeldi.
- Stefnan er liður í því að uppfylla lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.



Kannanir meðal starfsfólks

Stofnun ársins könnunin frá haustinu 2022:

- Á 12 mánaða tímabili upplifir hluti starfsfólks Reykjavíkurborgar að það hafi „líklega“ eða „örugglega“ orðið fyrir EKKO í vinnunni eða á vinnutengdum atburðum
 - einelti (5,6%)
 - kynferðisleg áreitni (2,6%)
 - kynbundinni áreitni (2,6%)
 - ofbeldi (9,6%)

	Ríkisstofnanir	Reykjavíkurborg
Ofbeldi	5,9%	9,6%

- Þetta eru nokkuð lægri tölur en hjá ríkisstofnunum (í sömu könnun) hvað varðar fyrstu þrjá hegðunarflokkana, en upplifað ofbeldi virðist hins vegar vera algengara á starfsstöðum Reykjavíkurborgar



Formlegar kvartanir

- Fjöldi formlegra kvartana undan EKKO hegðun sem berast til meðhöndlunar hjá EKKO teyllum borgarinnar hefur á síðustu árum verið á bilinu 15-20.
- Mál eru ýmist unnin af EKKO teyllum á sviðum, eða unnin á vegum miðlægu EKKO nefndarinnar sem leidd er af mannauðs- og starfsumhverfissviði.

Árið 2023

Alls 16 mál bárust, þ.e. mál sem voru tilkynnt skriflega og fóru í formlegan farveg

Mest kvartað undan einelti en einnig áreitni og 1 ofbeldismál

11 mál voru könnuð á sviðum, en 5 á vegum miðlæga teymisins



EKKO teymi borgarinnar

Alls 5 EKKO teymi og ein miðlæg nefnd

1. Skóla- og frístundasvið
2. Velferðarsvið
3. Menningar- og íþróttasvið
4. Umhverfis- og skipulagssvið
5. Þróunar- og nýsköpunarsvið
6. Eineltis- og áreitninefnd Reykjavíkurborgar - miðlæg nefnd með fulltrúum allra sviða

- **Alls eru um 30 manns í þessum hópi**
- Mannauðsstjórar sviða eru ábyrgðamenn teymanna og tilnefna fulltrúa í þau.





Ferlið við endurskoðun EKKO stefnu

1. Fyrst vann miðlæga eineltis- og áreitninefndin minnisblað árið 2023
2. Lagt fram til sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs
3. Færð rök fyrir því að æskilegt væri að endurskoða stefnuna.
4. Sama nefnd vann síðan drög að nýrri stefnu
5. Yfirfarin á vinnustofu með öllum fulltrúum EKKO teyma og fleira mannauðsfólki í apríl 2024
6. Mannauðsstjórar fag- og kjarnasviða borgarinnar fengu kynningu



Helstu breytingar sem lagðar eru til í þessari uppfærðu stefnu eru:

2800 orð
vs.
800 orð

1. Nýja stefnan er styttri, þar sem leitast er við að aðgreina stefnutexta betur frá verklags- eða fræðslutexta. Þannig verði auðveldara að þróa verklag án þess að þurfa að breyta stefnunni í hvert skipti.
2. Nýrri stefnu munu fylgja fleiri en eitt verklagsskjal, þar sem verklag við viðbrögð vegna málaflokkanna fjögurra þurfa að vera ólík.
3. Nýja stefnan fylgir betur viðmiðum um stefnuskjöl almennt s.s. að hafa mælikvarða og aðgerðaáætlun.
4. Skilgreiningar hugtaka verða birt í viðauka með stefnunni og gætt verður að því að öll hugtökin séu skilgreind ítarlega.
5. Ný stefna er takmörkuð við hugtökin einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi, í samræmi við ofangreindan lagaramma.
6. Í samræmi við samfélagslega þróun og þróun hugtaka í málaflokknum verður í nýju stefnunni kynnt til sögunnar EKKO hugtakið.
7. Nýja stefnan verður tengd við nýlega samþykktu öryggisstefnu borgarinnar (2022), en þar er eitt meginmarkmiðið að vinna gegn ofbeldi gegn starfsfólki.
8. Nýja stefnan verður betur samræmd við kröfur og væntingar Vinnueftirlitsins sem hafa komið fram í eftirlitsheimsóknum.



Fjögur lykilhugtök

Beint úr reglugerð með vinnuverndarlögum:

E Einelti

K Kynbundin áreitni

K Kynferðisleg áreitni

O Ofbeldi



O-ið ofbeldið í EKKO

- Fjórða megin markmiðið í öryggisstefnu Reykjavíkurborgar

4. ÁHERSLUR TIL LOKA ÁRS 2026

Hér eru skilgreindar áherslur næstu fjögurra ára fyrir þau meginmarkmið sem lýst er hér að ofan.

4. Innleiða áætlun um forvarnir og viðbrögð við ofbeldi gegn starfsfólki hjá Reykjavíkurborg.

- Að móta og innleiða áætlun um fyrirbyggingu og viðbrögð vegna ofbeldis gegn starfsfólki á starfsstöðum borgarinnar.
- Að komið sé á verklagi og ferlum vegna ofbeldis gegn starfsfólki og aðstæðna sem líkur eru á að leitt geti til ofbeldis gegn starfsfólki verði ekki gripið til aðgerða.
- Að koma á fræðslu- og þjálfunarferli fyrir starfsfólk um verklag og ferla vegna ofbeldis gegn þeim.

Viðauki A

Nr.	Áhersla	Mælikvarði	Aðgerð og ábyrgð
4a	Vinna áætlun um fyrirbyggingu og viðbrögð vegna ofbeldis gegn starfsfólki á starfsstöðum borgarinnar.	Hlutfall starfsstaða sem innleitt hafa verklag og ferla og fara eftir þeim.	Yfirstjórn samþykkir áætlun og áætlun virkjuð. Ábyrgð: MOS
4b	Að komið sé á verklagi og ferlum vegna ofbeldis gegn starfsfólki og aðstæðna sem líkur eru á að leitt geti til ofbeldis gegn þeim verði ekki gripið til aðgerða.	Stefnt að 80% virkni áætlunar árið 2026	Verklag og ferlar mótað og innleitt. Ábyrgð: MOS
4c	Koma á fræðslu- og þjálfunarferli fyrir starfsfólk um verklag og ferla vegna ofbeldis gegn þeim.	Hlutfall starfsfólks á skilgreindum starfsstöðum sem sótt hafa fræðslu	Fræðslu- og þjálfunarferli tilbúið og innleitt. Ábyrgð: MOS Starfsfólk sækir fræðslu. Ábyrgð: Sviðsstjórar með stuðningi frá MOS



Tíðni upplifaðs ofbeldis á sviðum borgarinnar

- Stofnun ársins - niðurstöður 2022
- *Hefur þú orðið fyrir... í vinnunni eða vinnutengdum atburðum síðustu 12 mánuðum?*
- *Þeir sem svara „líklega“ eða „örugglega“:*

	Borgin í heild	SFS	VEL	USK	ÍTR	MOF	FAS	ÞON	MSS
Ofbeldi	10%	9%	14%	8%	6%	5%	6%	4%	5%

Meira ofbeldi á VEL: Notendur eru gerendur í aðeins meira mæli en á öðrum sviðum



Ofbeldi gegn starfsfólki



- Getur átt meira sameiginlegt með vinnuslysi heldur en E eða Á kvörtun af því það er oft einn stakur viðburður
- Áætlun vegna OGS verður unnin á vettvangi öryggisnefnda sviða
- Eypór öryggisstjóri vinnuverndar leiðir þessa vinnu
- Fræðsla um OGS er í vinnslu, komin 5 myndbönd alls um 50 mínútur, annað eins í farvatninu
- Byrjað að halda fundi með starfsfólki, áhersla á VEL SFS, þvínæst MÍR og USK.
- Mikil sérstaða margra starfsstaða kallar á OGS áætlanir í fleirtölu



Reykjavík